

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 13. júní 2025

Mál nr. S-4296/2024:

Ákærvaldið

(Júlí Karlsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Stefán Ragnarsson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 3. júní 2025, var höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 20. ágúst 2024 á hendur „X fyrir hótun með því að hafa, föstudaginn [...] 2022, [ruðst] inn á lögmannsstofu [...] í Kópavogi, hótad barnsmóður sinni A lífláti [...] sem hér greinir: „ég ætla að drepa ykkur bæði“ en hótunin var til þess fallin að vekja hjá A ótta um líf, heilbrigði og velferð sína.

M: 007-2022-[...]

Telst brot þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

- Verjandi ákærða krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður. Til vara krefst hann þess að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

I

Málsatvik

- Þann [...] 2022 kl. 16:00 barst lögreglu tilkynning „vegna manns sem hafði ráðist á annan“ á lögmannsskrifstofu [...]. Á vettvangi hittist ákærði X fyrir og segir í frumskýrslu að hann hafi í fyrstu verið æstur og hafi ekki getað setið kyrr. Kvaðst hann hafa átt erindi á skrifstofuna í tengslum við forræðisdeilu sína og vitnisins A, fyrrverandi konu sinnar. Hann kannaðist ekki við að átök hefðu átt sér stað og sagðist hafa verið rólegur allan tímann. Þá kannaðist hann ekki við að hafa hótad brotáþola og sagðist hafa átt í litlum samskiptum við hana. Í skýrslunni er tekið fram að ákærði hafi borið þess merki að vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna en sjálfur kvaðst hann vera edrú.

4. Rætt var við brotþola sem kvaðst hafa komið á skrifstofuna til þess að rita undir skilnaðar- og forsjárpappíra. Með henni var vitnið B, sem vísað er til sem lögmanns brotþola, og fimm ára sonur hennar og ákærða. Ákærði hafi orðið æstur eftir að hafa undirritað skjölin og hótað að drepa hana og vinna skemmdir á lögmannsstofunni. Hafi hann veist að henni en túlkur hennar og lögmaður hafi komið í veg fyrir það. Segir í frumskýrslu að brotþoli hafi verið uppnámi og kvaðst óttast ákærða sem áður hefði sýnt af sér hegðun sem þessa. Þá var einnig rætt við vitni sem voru á skrifstofunni.

II

Skýrslutökur fyrir dómi

5. *Ákærði* kvaðst hafa fengið símtal frá manni sem kvaðst vera túlkur og hringdi fyrir hönd lögmannsins C sem annaðist skilnaðarmál brotþola og ákærða. Hann hafi lagt áherslu á að ákærði kæmi á lögmannsstofuna en hann hafi neitað í fyrstu enda talið málið vera í tilteknum farvegi. Hann hafi síðan fallist á að koma á skrifstofuna. Þar hafi auk hans verið brotþoli, ungur sonur þeirra, túlkurinn og lögmaðurinn. Lögmaðurinn hafi farið yfir skilnaðarkjör og m.a. rætt forsjá drengsins. Brotþoli hafi skipt um skoðun og æst sig og að lokum hafi lögmaðurinn farið út af skrifstofunni með brotþola, barninu og túlkinum. Lögmaðurinn hefði svo komið og rætt við hann aftur og hefði það endað svo að ákærði hefði ritað undir skilnaðarpappírana og gengið út af skrifstofunni. Hafi hann séð brotþola og son sinni inni á annarri skrifstofu. Brotþoli hafi kallað ókvæðisorðum að honum um móður hans og þáverandi sambyliskonu. Hafi hann þá reiðst, rifið afrit skilnaðarpappíranna og viljað draga samkomulagið til baka. Kvaðst ákærði aðspurður ekki hafa farið þangað inn. Lögmaðurinn, vitnið C, hafi síðan gripið í hann og ýtt honum út af lögmannsstofunni með aðstoð annarra. Þar hafi hann verið þegar lögreglan kom á staðinn.
6. Ákærði kvað það rangt að hann hefði sýnt ógnandi tilburði og hótað brotþola lífláti eins og í ákæru greini. Hann hafi verið rólegur allt fram til þess að brotþoli hafi hreytt í hann framangreindum ummælum. Kvaðst ákærði aðspurður ekki hafa sagt neitt en nánar spurður kvaðst hann hafa brugðist við með því að svara fyrir sig, svo sem með því að segja að þau myndu hittast síðar í dómsalnum. Kvaðst hann ekki muna nákvæmlega í dag hvað sagt hefði verið. Fyrir þetta atvik kvaðst ákærði ekki hafa hitt brotþola mjög lengi.
7. Ákærði lýsti aðstæðum sínum í dag en hann væri fjölskyldufaðir í föstu starfi. Þá kvaðst hann einn fara með forsjá sonar síns og brotþola.

8. *Brotapoli A* kvaðst hafa komið á lögmannsstofu vitnisins C til þess að skrifa undir skilnaðarpappíra en með henni var vitnið B sem túlkaði fyrir hana sem og sonur hennar og ákærða. Brotapoli lýsti því að hún hefði setið á sófa með syni sínum inni á skrifstofu en þar hafi vitnið D einnig verið. Ákærði hafi þá „farið í hana“, tekið hana hálstaki og hótað að drepa hana. Þá hafi hann sagt við hana að hún myndi aldrei vinna „dómsmálið“. Hafi henni liðið mjög illa á eftir og tekið hótunina alvarlega. Aðspurð kannaðist brotapolí við að hafa hrópað á ákærða í aðdraganda þessa og kallað hann lygara og að það væri honum að kenna að þau væru í þessari stöðu. Þá kannaðist hún við að ákærði hefði rífið skilnaðarpappíra í tvennt og taldi hann hafa gert það eftir að hann hafði í hótunum við hana.
9. *B* kvaðst hafa komið með brotapolá að hennar beiðni á lögmannsstofuna til þess að ganga frá skilnaðaruppgjöri brotapolá og ákærða. Hann kvaðst einnig verið lögmaður að mennt en hefði umrætt sinn ekki komið fram sem slíkur heldur sem túlkur. Brotapoli hafi komið með syni sínum og ákærða og öll hafi setið saman á skrifstofu þar til skrifað hafði verið undir samning.
10. Vitnið kvaðst ekki muna hvernig það hefði atvikast en brotapolí og ákærði hefðu farið að öskra á hvort annað og lögmaðurinn, vitnið C, hefði vísað brotapolá inn í annað herbergi. Hafi vitnið séð inn í herbergið í gegnum gler. Hann hafi beðið á ganginum á meðan gengið hafi verið frá samningnum. Ákærði hefði farið inn í herbergið þar sem brotapolí var og hótað að hætta við skilnaðarsamninginn. Hann hefði rífið pappírinn og „farið í hana“. Aðspurður um hótanir kvað vitnið ákærða hafa sagt að hann ætlaði að „lemja hana og drepa hana einhvern tímann“. Nánar spurður kvaðst hann ekki muna nákvæmlega það sem sagt hefði verið. Hefði vitnið D gengið á milli. Þá kannaðist vitnið við að brotapolí hefði sagt við ákærða að nýja konan hans væri hóra áður en hann hafði í hótunum við hana. Vitnið kvaðst hafa setið fyrir utan en séð inn á skrifstofuna í gegnum gler, auk þess sem dyrnar hefðu verið opnar. Hefði hann því heyrt það sem sagt var. Þá hafi komið til einhverra átaka á milli ákærða og lögmannsins þegar þeim fyrrnefnda var ýtt út. Lögreglan hafi eftir þetta verið kölluð til. Vitnið kvaðst áður hafa veitt brotapolá aðstoð vegna hennar mála, m.a. hjá sýslumanni, en engin persónuleg tengsl væru þeirra á milli.
11. *C* kvað brotapolá hafa leitað til hans til þess að ganga frá skilnaði hennar við ákærða, eiginmann sinn. Hafi ákærði verið boðaður á skrifstofuna til þess að ná samkomulagi við hann, m.a. um forsjá, en þau ættu saman ungan son. Vitnið B hafi aðstoðað við að túlka en hann hefði um tíma haft aðstöðu í skrifstofufurými vitnisins.

12. Vitnið kvaðst ekki muna atvik nákvæmlega í dag enda langt um liðið. Vísaði hann í skýrslu sína hjá lögreglu sem tekin var í kjölfar atviksins. Kvað hann ákærða hafa verið rólegan þegar hann kom og ekkert bent til þess að hann hafi verið undir áhrifum. Þau hafi öll verið á skrifstofu vitnisins og hafi orðið hvöss orðaskipti á milli ákærða og brotþola á móðurmáli þeirra. Hafi brotþoli, sem átti erfitt með að halda stillingu og æst sig, því verið beðin um að færa sig yfir á skrifstofu vitnisins D innar á ganginum. Tilgangurinn hafi m.a. verið sá að hlífa drengnum. Hafi vitnið síðan rætt við þau hvort í sínu lagi og hafðist þannig að ganga frá samkomulagi.
13. Ákærði hafi eftir þetta staðið upp og farið fram og vilja kveðja drenginn. Brotþoli hafi þá ausið hann skömmum. Nánar spurður kvað vitnið þau hafa hækkað róminn. Allt látbragð og handahreyfingar hafi bent til þess að orðbragðið hafi verið slíkt að hann dró þá ályktun að um skammir væri að ræða. Bæði hafi orðið mjög æst og hefði ákærði rífið skilnaðarpappírana. Kvaðst vitnið hafa ákveðið að ýta ákærða út með aðstoð samstarfsmanns síns til þess að fyrirbyggja frekari uppákomu.
14. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vitni að atviki inni á skrifstofu vitnisins D og minnti að þau hefðu öll verið stödd í rými fyrir utan skrifstofur. Nánar spurður kvaðst vitnið ekki muna eftir því að ákærði virtist ætla að „hjóla í brotþola“, eins og haft sé eftir honum í lögregluskýrslu, en sennilega sé það rétt. Þá myndi hann ekki í dag að túlkurinn hefði greint honum frá því að ákærði hefði hótad brotþola lífláti. Tók hann fram að vegna fyrri samskipta sinna við vitnið legði hann ekki mikið upp úr orðum hans almennt. Spurður nánar um ástand brotþola kvað vitnið hana í reynd hafa verið í uppnámi allan tímann á skrifstofunni og mikil dramatík hefði verið í gangi.
15. D kvað brotþola og ákærða hafa komið til vitnisins C á fund. Eftir að fundi lauk hefði brotþoli komið með ungan son sinn og sest í sófa inni á skrifstofu hans. Ákærði hafi komið og viljað ræða við drenginn. Orðaskipti hafi átt sér stað á milli hans og brotþola [...] og mikil læti. Ákærði hafi svo rokið að brotþola. Kvaðst vitnið muna vel eftir þessu atviki. Kvaðst vitnið aðspurður þó ekki muna eftir því að ákærði hefði tekið brotþola hálstaki. Í kjölfarið kvaðst vitnið hafa náð að henda ákærða út af skrifstofunni og fram á gang. Hafi ákærði rífið pappíra sem hann var með í höndunum og einhverjar ryskingar orðið þar frammi. Taldi vitnið rétt eftir honum haft í skýrslu lögreglu.
16. *Lögreglumaður nr. E* kom fyrir dóminn en kvaðst ekki muna neitt eftir atvikum þó að hún hefði rífað upp frumskýrsluna. Staðfesti hún að hún hefði unnið frumskýrsluna í kjölfar útkalls á vettvang.

III

Niðurstaða

17. Ákærða er gefið að sök að hafa hótað barnsmóður sinni, brotþola A, lífláti í kjölfar samskipta þeirra á milli sem áttu sér stað á lögmannsstofu þar sem gengið var frá samkomulagi í tengslum við skilnað þeirra. Ekki er ágreiningur um aðdraganda að frágangi sammingsins og að bæði hafi komið á lögmannsstofuna í þeim tilgangi.
18. Ákærði neitar því að hafa hótað brotþola lífláti. Orðaskipti hafi þó átt sér stað þeirra á milli og kannast hann við að hafa í reiði rifið skilnaðarpappíra sem hann hafði móttekið eftir niðrandi ummæli brotþola í hans garð.
19. Framburður brotþola hefur verið stöðugur um að ákærði hafi hótað henni lífláti umrætt sinn. Greindi hún frá því í samtali við lögreglu á vettvangi, í skýrslutöku hjá lögreglu næsta dag sem og fyrir dómi. Staðfesti hún fyrir dómi að ákærði hefði sett fram hótanirnar í kjölfar þess að hún gerði hróp að honum. Fær það stoð í vitnisburði B sem kvað ákærða hafa hótað brotþola lífláti á móðurmáli þeirra. Þá er haft eftir vitninu C í skýrslu hans hjá lögreglu [...] 2022 að vitnið B hefði greint honum frá því að ákærði hefði hótað brotþola lífláti. Í málinu hefur ekki verið fært neitt það fram sem þykir rýra trúverðugleika framburðar vitnisins sem hefur verið stöðugur hvað þetta varðar.
20. Vitnin C og D báru um snörp orðaskipti á milli ákærða og brotþola á tungumáli sem þeir ekki skildu en augljóslega voru illindi. Framburður vitnisins D hefur verið stöðugur um að brotþoli hafi þá setið inni á skrifstofu hans með drenginn en opið hafi verið fram á gang. Samræmist það vitnisburði B sem kvaðst hafa séð inn á skrifstofuna frá ganginum. Bar D að ákærði hefði komið inn á skrifstofuna til hans og veist að brotþola en hann hafi náð að koma honum út af skrifstofunni. Tók þá vitnið C við með aðstoð annars starfsmanns en á upptöku úr eftirlitsmyndavél sameignar hússins sést er ákærða var ýtt þangað fram með valdi. Að mati dómsins styður það fyrst og fremst hversu æstur hann var.
21. Samkvæmt 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að hafa í frammi hótun um að fremja refsiverðan verknað, og hótunin er til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annarra. Við dómaframkvæmd er litið til þess við mat á því hvort ummæli ákærða hafi fallið undir ákvæðið hvort hótunin sé hlutlægt séð til þess fallin að vekja ótta hjá brotþola um líf sitt og velferð. Skiptir því ekki máli hvort ákærði hafi í raun ætlað sér að láta verða af hótununum.

22. Af verknaðarlýsingu í ákæru er nokkurt misræmi, þar sem annað verður ekki ráðið en að meint hótun hafi beinst að brotþola einni og verið til þess fallin að vekja ótta hjá henni. Á hinn bóginn verður ekki annað ráðið af þeim texta sem tekinn er upp orðrétt í ákæru: „ég ætla að drepa ykkur bæði“, en að hótunin hafi beinst að fleirum en henni. Málalítilbúnaður ákærvaldsins byggir á því að hótun um líflát [...] hafi einkum beinst að brotþola. Hefur vörnum ákærða ekki verið áfátt þrátt fyrir þessa ónákvæmni ákæru.
23. Við mat á því hvort sannað sé að ákærði hafi beint líflátshótun að brotþola ber að líta til háttsemi hans í kjölfarið. Eins og rakið hefur verið er framburður ákærða um að hann hafi ekki veist að brotþola í andstöðu við framburði vitna og gögn málsins og þykir að mati dómsins ótrúverðugur. Ljóst er að engin þörf hefði verið á að taka ákærða þeim tökum sem raun bar vitni hefði hann ekki veist að brotþola með ógnandi hætti. Fylgdi hann þannig hótun sinni eftir að einhverju leyti. Með háttsemi sinni sem virða verður í þessu ljósi var hótunin til þess fallin að vekja hjá brotþola ótta um líf, heilbrigði og velferð sína. Telur dómurinn með vísan til framangreinds að leggja megi til grundvallar trúverðugan framburð brotþola sem fær fullnægjandi stoð í framburði vitna og öðrum gögnum málsins.
24. Sá tími sem liðið hefur frá atvikum hefur sett mark sitt að nokkru á vitnisburði. Nákvæmt orðalag líflátshótunarinnar er því ekki með öllu ljóst enda hafði hann uppi fleiri orð í sömu andrá. Telur dómurinn því sannað að ákærði hafi hótad brotþola lífláti [...] umrætt sinn en efni líflátshótunarinnar, þ.e. nákvæmt orðalag hennar, er ósannað. Verður hann að þessu gættu sakfelldur fyrir brot sem í ákæru er rétt heimfært undir 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
25. Í málinu er fram komið að brotþoli átti erfitt með að hemja tilfinningar sinnar í samskiptum við ákærða á lögmannsstofunni í aðdraganda undirritunar skilnaðarpappíra. Af þeirri ástæðu greip vitnið C til ráðstafana. Ákærði missti ekki stjórn á sér fyrr en eftir að brotþoli hafði uppi ákveðin ummæli sem virðast hafa gert útslagið. Í málinu er ekkert sem bendir til annars en að um afmarkað tilvik hafi verið að ræða.
26. Atvik máls áttu sér stað [...] 2022. Ákærði og brotþoli höfðu þó nokkru áður slitið samvistum og ekkert liggur fyrir í málinu um áreitni eða hótanir ákærða í garð brotþola eftir það. Þá er upplýst í málinu að forsjármál var rekið á milli aðila sem hafi lyktað með dómi Landsréttar þar sem að staðfest var niðurstaða héraðsdóms um að ákærða yrði einum dæmd forsjá drengs þeirra. Rannsókn þess sem hér er til meðferðar var einföld og leiddi fljótlega í ljós að ekki voru efni til þess að ætla að ákærði hefði gerst sekur um önnur brot gagnvart brotþola. Ákæra var þó ekki gefin út fyrr en 20. ágúst 2024. Verður

ákærða ekki kennt um þann drátt. Með hliðsjón af framangreindu sem og atvikum máls að öðru leyti verður ákvörðun um refsingu frestað og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

27. Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Ragnarssonar lögmanns, 401.760 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Annan sakarkostnað leiddi ekki af meðferð málsins.
28. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Júlí Karlsson aðstoðarsaksóknari.
29. Sigríður Hjaltested héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, X, skal frestað og fellur niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Stefáns Ragnarssonar lögmanns, 401.760 krónur.

Sigríður Hjaltested